



Fimmti fundur stjórnar HSV, starfsárið 2024-25

Haldinn 23 janúar 2025. kl. 16:30.

Fundurinn var haldinn á heimili formanns.

Mættir: Sigurður Jón Hreinsson, Sif Huld Albertsdóttir og Magnús Þór Bjarnason

1. Formaður setur fundinn en á dagskrá eru sjö atriði.
2. Iðkendatölur aðildarféлага HSV.  
Ræddar um efni og orðalag bréfs á þær Birna og Ebba svæðisfulltrúar ÍSÍ & UMFÍ, sem tóku að sér að kanna hvaða leiðir væru mögulegar til að sannreyna iðkendalistana. Á fundi með þeim 8 janúar tóku þær einnig að sér það verkefni að svara fyrirspurnum vegna skráninga í félög.  
Á hsv.is hefur verið birt frétt þess efnis að svæðisfulltrúarnir munu annast þetta verkefni og hefur stjórn HSV áframsent fyrirspurnir til svæðisfulltrúanna.  
Verkefnið er hinsvegar mun stærra en það hljómar og hefur áhrif um land allt, því það er hluti af undirliggjandi vanda sem legið hefur óræddur í allnokkurn tíma og snýr ekki bara að iðkendum heldur einnig skráningu félagsmanna í íþróttafélög.
3. Samstarfssamningur HSV og Ísafjarðarbæjar  
Á dögnum fundaði hluti stjórnar HSV með nýjum bæjarstjóra Ísafjarðarbæjar þar sem rætt var um samstarfssamninginn og vanefndir á honum af hálfu bæjarins. Í framhaldi af því óskaði bæjarstjóri eftir því að stjórn HSV sendi inn erindi á bæjarstjórn.  
Rætt um efni og orðalag erindisins. Bréfið verður sent á bæjarstjóra seinna í dag.
4. Uppbyggingarsamningar  
Á dögnum barst HSV bréf frá íþrótt og tómskundafulltrúa Ísafjarðarbæjar, þar sem skóla-, íþrótt- og tómskundanefnd óskar eftir umsögn stjórnar HSV við umsóknum um uppbyggingarsamninga.  
Í samræmi við bókun á síðast stjórnarfundum HSV skorar á Ísafjarðarbæ að gera uppbyggingarsamning við Hestamannafélagið Hendingu til næstu 4-5 ára, sem tryggi uppbyggingu og lok á framkvæmdum á útisvæði félagsins í Engidal.  
Ísafjarðarbær og Hestamannafélagið Hendingar undirrituðu samning þann 19. júní 2017, þar sem sagt var ma. að gerður yrði uppbyggingarsamningur um byggingu keppnisvallar í Engidal í framhaldi af byggingu inniaðstöðu. Sá uppbyggingarsamningur hefur enn ekki litið dagsins ljós, þrátt fyrir að Hending hafi sent inn ósk um uppbyggingarsamning nánast árlega síðan. Íþrótt- og tómskundanefnd hefur aðeins einu sinni á þessum tíma sett fjármagn í útisvæði hestamanna og var það upphæð sem gæti með jöfnu framlagi árlega klárað framkvæmdir á útisvæðinu á 30-40 árum.  
Í dag er Hestamannafélagið Hending líklega eina íþróttafélagið innan HSV sem hefur enga keppnisaðstöðu á sínu félagssvæði.  
Það er því skoðun stjórnar HSV að ekkert félag á félagssvæðinu sé í meiri þörf á að fá uppbyggingarsamning og sjá þarf til þess að sá samningur tryggi að uppbyggingu keppnissvæðis ljúki á næstu 4-7 árum.



5. Stefnuleysi í íþróttamálum.

Tekin umræða um uppbyggingarsamninga og afnot íþróttafélga af mannvirkjum sem eru í eigu Ísafjarðarbæjar og að því er virðist almennt stefnuleysi í íþróttamálum í sveitarfélaginu. Uppbyggingasamningar virðast td. vera samþykktir án þess að sérstakt plan liggji fyrir, hvorki um framhald framkvæmda né fjármögnun.

Nokkur aðildarfélög HSV nýta sérhæfða aðstöðu sem eru í eigu bæjarins en hafa ekki fengið neina samninga um afnotin. Dæmi eru um það að félag sé í nokkurra milljóna króna skuld vegna uppbyggingar á aðstöðu, sem farið var í með vitund og vilja bæjarins, en án fjármagns. Staða þessara mála almennt mætti vera betri, verður að skoðast heilstætt og laga í framhaldinu.

6. Sjóðir HSV – Afrekssjóður – Búnaðarsjóður – Þjálfarasjóður

Afrekssjóður var auglýstur 8 jan. með umsóknarfresti til 26. janúar. Komnar inn fjórar umsóknir þegar þetta er skrifað.

Búnaðarsjóður og þjálfarasjóður auglýstir 23. janúar með umsóknarfresti til 10 febrúar.

7. Afsagnir stjórnarmanna.

Á síðasta stjórnarfundum var samþykkt að setja sérstaka neyðarreglugerð sem skyldaði formenn aðildarfélaga til að setjast í stjórn eða mynda nýja stjórn, svo héraðssambandið verði ekki óstjórntækt, ef til þess kæmi að helmingur stjórnarmanna eða fleiri segðu sig úr stjórn. Tillagan hefur verið kynnt fyrir formönnum aðildarfélaga og ekki hafa borist athugasemdir við tillöguna.

Stjórn samþykkir að reglugerðin taki gildi frá og með morgundeginum.

8. Íþróttamaður Ísafjarðarbæjar

Tekin umræða um reglur um val á íþróttamanni Ísafjarðarbæjar. Það er ljóst að mati stjórnar HSV að reglurnar mismuna íþróttagreinum. Nú eru reglurnar þannig að ekki er krafa um að þeir tilnefndu séu að stunda íþróttir á starfssvæði héraðssambandsins, því ætti að vera eðlilegt að einstaklingar með lögheimili í sveitarfélaginu geti verið tilnefndir þrátt fyrir að æfa og keppa með félögum utan bæjarmarka Ísafjarðarbæjar.

Núverandi reglur eru mjög sérkennilegar og þröngar, hygglá augljóslega einni íþróttagrein og eru ekki að virka sem almenn hvatning fyrir íbúa sveitarfélagsins eða iðkendur á félagssvæði HSV.

Þá er einnig mjög mikilvægt að við val á íþróttamanni sveitarfélagsins sé beitt aðferðum sem er gegnsæjar og sanngjarnar. Matrixa af einhverju tagi sem metur til jafns iðkendur sem keppa í einstaklingsíþróttum annarsvegar og í hópíþróttum hinsvegar, en verulega hefur hallað á hópíþróttir í gegnum tíðina í þessu vali.

Fleira ekki rætt.

Fundi slitið kl. 18:10

Fundargerð ritaði Siggi Hreins